


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambykkt: SHJ		
Síða 1 af 4	ENSK3MB05 - Fjarnám	
	Námsáætlun – Vorönn 2018	

Kennari	Ómar Kristinsson	Sk.st.	ÓKR
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um enskar/amerískar bókmenntir á 20. öld. Horft er til ólíkra höfunda, svæða og tímabila og lesin skáldverk frá þeim svæðum og/eða tímabilum. Tekin eru fyrir ólík birtingarform, s.s. smásögur, skáldsögur, leikverk og kvikmyndir. Þá er einnig litið til hugmynda um uppbyggingu skáldverka og bókmenntahugtaka þeim tengdum. Notast verður við ítarefni, svo sem lestexta, hlustunar- og myndbandsefni sem endurspeglar með sem bestum hætti menningu og mannlíf þeirra svæða og þess tíma sem tengjast skáldverkum áfangans. Sérstök áhersla er lögð á ritun í tengslum við bókmenntaumfjöllun, þar sem nemandinn leitar heimilda sem tengjast ólíkum tímabilum og nýtir í umfjöllun sinni. Einnig er leitast við að nemandinn tjái sig um á skapandi máta.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig bókmenntaverk kunna að endurspegla tímabil
- hvernig höfundur sjálfur getur komið fram í eigin verkum
- hvernig menning staða og tími kann að móta skáldverk
- hugmyndum um uppbyggingu skáldverka
- bókmenntahugtökum tengdum uppbyggingu skáldverka

Leikniviðmið


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- rýna í ólíkar gerðir bókmenntatexta, s.s. smásögur, skáldsögur og leikverk
- skoða og meta skáldverk í samhengi tíma og staðsetningar ritunar verksins
- beita jákvæðri hugsun til að geta deilt skoðunum á lesnu efni
- kafa dýpra ofan í viðfangsefni og leita fanga víðar en áður
- taka þátt í umræðum um bókmenntir og tjá sig á viðeigandi máta

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gagnrýna og skilgreina bókmenntaverk í rituðu og töluðu máli
- geta flutt vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð
- draga fram aðalatriði og rökstyðja mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og bregðast við spurningum
- geta metið og aflað heimilda eftir mismunandi leiðum
- sett fram mismunandi heimildir samkvæmt þeim reglum sem um það gilda

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambykkt: SHJ		
Síða 2 af 4	ENSK3MB05 - Fjarnám	
	Námsáætlun – Vorönn 2018	


Námshöggn:

Novel	<i>One Flew Over the Cuckoo's Nest</i> by Ken Kesey. Any unabridged edition
Short stories / Play	„There Came Three Kings“ (Graham Lawrence) “Indian Camp” (E. Hemingway), “Eveline” (James Joyce), <i>A Streetcar Named Desire</i> (T. Williams), “Sex, Violence and Walt Disney” (Teixeira Moita). All material, apart from the novel (OFCN), can be found in pdf-form on Moodle.
Presentations / Handouts	Assignments, presentations and other essentials, such as audio-visual material, on Moodle.

Áætlun um yfirferð:

Námsefni annarinnar er skipt í 13 vikur. Opnað er fyrir námsefni einu sinni í viku (að öllu jöfnu alltaf sama dag vikunnar) þar sem greint er frá því hvaða efni skuli unnið og hvernig. Hver fyrirsetning er talin viku vinna og á nemandinn að skila úrlausn sinni innan þess tíma. Þó er gert ráð fyrir því, að nemandinn hafi mest hálfan mánuð (tvær vikur) til þess að skila úrlausn. Dragist skil fram yfir þann tíma, án þess að fullnægjandi skýring sé gefin, er hugsanlegt að svo verði litið á að nemandi hafi ákveðið að hætta námi. Hér fyrir neðan má sjá áætlun eftir vikum.

Week	Reading, presentations and preparation	Assignments/Forums
1	Introduction to course. The issue of plagiarism. Material on citing and referencing for students' to scrutinize.	Forum: Why do we do it?
2	Introduction to course. Analysis of literature – “One way to go”. Short story - “There Came Three Kings” (Graham Lawrence, Australian, 2002) (4%)	Forum: Analysing Fiction Assignment: Written Short Essay (4%)
3	Ernest Hemingway – reading and presentation Short story – “Indian Camp” (Ernest Hemingway, American, 1924) (6%)	Forum: Hemingway's life Assignment: Written Short Essay (6%)
4	James Joyce- Reading and presentation Short Story – “Eveline” (James Joyce, Irish, 1904) (6%)	Forum: Eveline-Conflicts Assignment: Written Short Essay (6%)
5	Ken Kesey – reading and presentation Presentation on first four “chapters” (start of novel – about 40 pages) Start reading novel <i>One Flew Over The Cuckoo's Nest</i> (OFCN - Ken Kesey, American, 1962)	Forum: Exposition, Characters and Conflicts Assignment: Quiz 1 (3%)
6	OFCN – Continue reading and overview Presentation Part 1	Forum: Character – First Impression Assignment: Quiz 2 (3%)
7	OFCN - Continue reading and overview Presentations parts 2 and 3.	Forums: A little bit of everything / Big Issues Assignment: Quiz Part II

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4	ENSK3MB05 - Fjarnám Námsáætlun – Vorönn 2018	

		and Quiz Part III (4%)
8	OFCN - Continue reading and overview Presentation part 4.	Forum: The Climactic Conclusion Assignment: Written Final (15%)
9	“Sex, Violence and Walt Disney” (Teixeira Moita, Portuguese, 2001)	Forum: The Dramatic Form Assignment: Written Short Essay (4%)
10	Tennessee Williams – reading and presentation <i>A Streetcar Named Desire</i> (SND - Tennessee Williams, American, 1947)	Forum: Setting and Exposition
11	SND – Presentation first half	Forum: Getting into it Assignment: Quiz (5%)
12	SND – Presentation second half	Forum: The Kindness of Strangers Assignment: Written Final (10%)
13	Review and exam preparation.	


Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform: <input type="checkbox"/> Símat <input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Námsmats-þættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
Short stories	Three assignments	16% (see above)
Forums	Valid individual participation in forums (13 in all)	10%
Novel	3 quizzes and a written assignment	25% (see above)
Plays	A quiz and two written assignment	19% (see above)
Final exam	A written exam on all texts. Use of texts will be allowed in exam.	30%
	Samtals:	100%

Heildarnámsmat:

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn. Lágmarkseinkunn er 5 (þ.e. 45 til 54% markmiða náð).

Próf er tekið í skóla í heimabyggð nemandans. Það er tekið í fyrri hluta desember á haustönn, en í fyrri hluta maí á vorönn. Gefin verður út próftafla þar sem prófdagur fyrir þennan áfanga verður tiltekinn. Athugið að komi til þessa að próftökustaður krefjist próftökugjalds af nemanda, semur nemandinn sjálfur um það og stendur skil á því við hlutaðeigandi aðila. Próftökugjald er ekki hluti af því gjaldi, sem greitt er til Verkmenntaskólans á Akureyri. Kennari nemandans gerir nemandanum grein fyrir niðurstöðu prófsins, þegar fyrirgjöf fyrir það er


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	ENSK3MB05 - Fjarnám Námsáætlun – Vorönn 2018	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4		

lokið. Greinargerðin, ásamt einkunn, er send nemandi í tölvupósti. Auk þess er einkunn færð inn í bókhald skólans. Nemandi getur fengið útskrift skólaferils síns frá skrifstofu skólans.

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna, fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Réttur til breytinga er áskilinn.

Dagsetning: 17.01.2018



Undirritun kennara



Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils